

## **Stjórnarfundur 5. jan. 2012 í Digranesi**

Mættir: Anna María, Brynhildur, Karen, Selma, Sigurður, Sólveig og Særún ásamt Gunnari Þór Jóhannessyni varamanni í stjórn og fulltrúa í matsteymi skólans.

Fundur settur kl 19:40

Dagskrá:

### **1. Kynning á vinnu matsteymis skólans**

Gunnar Þór sem er foreldri í matsteymi skólans kynnti vinnu teymisins sem hann hefur setið í síðan sl. vor.

Inn á heimasíðu skólans undir flipann „Mat á skólastarfi“ er komin skýrslan um stefnumótun Álfhólsskóla sem er samantekt á stefnumótunarfundum með starfsfólki og foreldrum sl. vetur. Þar eru einnig komnar upplýsingar um matsteymi skólans og fleira er snýr að sjálfsmati skólans. Matsteymið er ekki að vinna með stefnumótunarskýrsluna en áhersla verið lögð á að byggja grunn að sjálfsmati til framtíðar. Mikil vinna hefur verið lögð í að finna hvaða þætti í skólastarfinu á að meta og finna spurningar.

Matsteymið stefnir að því að skila matsskýrslu í vor en Gunnar telur að hún verði kannski ekki mjög ítarleg þar sem enn er verið að hanna matstæki en ekki safna gögnum nema að hluta. Teymið á líka að skila umbótaskýrslu og aðgerðaáætlun um hvernig á að bæta úr því sem þarf.

Gömlu skólarnir voru ekki með heildstætt mat á sínu starfi. Í grunnskólalögum er kveðið á um að svona mat skuli fara fram í öllum skólum. Þó var ýmislegt notað s.s. kannanir á líðan nemenda, foreldrakannanir og skólapúlsinn

Skólastjóri ræður hverjir eru skipaðir í matsteymið, ekki skylda að foreldrar séu í hópnum. Gunnar hvetur til að foreldrafélagið beiti sér fyrir því að foreldrar eigi alltaf fulltrúa í teyminu og hann sé valinn formlega af foreldrafélaginu. A.m.k. 1 fulltrúi og jafnvel fleiri.

Rætt um hvort eitthvað hafi verið unnið með þá veikleika og athugasemdir sem komu fram á stefnumótunardögum. Ákveðið að stjórn skoði stefnumótunarskýrsluna og komi með spurningar varðandi það inn á fund stjórnar með skólastjóra.

### **2. Stefnumótun foreldrafélagsins varðandi árgjöldin og í hvað þau eiga að fara.**

Föst árleg útgjöld sem hefð er fyrir frá fyrri skólum og nýjar hefðir sem stjórn vill koma á:

Fyrir nemendur:

- Laufabrauðsdagurinn
- Jólasveinn og smágjafir á jólaballið
- Sælgæti á öskudaginn
- Páskabingó
- Kostnaður v. vorhátíðar
- Styrkur v. námsgagna fyrir 1. bekk
- Lestrarhjólíð fyrir 4. bekk
- Reykjaferð 7. bekkjar

Fyrir foreldra:

- Fræðsla á fulltrúaráðsfundum
- Kostnaður v. kynningarfundar fyrir foreldra 5. og 8. bekkjar
- Veitingar á fulltrúaráðsfundum og fundum með foreldrum.

Gjaldkeri mun skoða hvað miklum upphæðum var eytt til þessara þátta á síðasta ári og sjá hvert svigrúm er til útgjalda miðað við innkomu af árgjöldum

### **3. Starfsreglur nefnda - hver er staðan?**

Tilbúnað fyrir heilsuræktarnefndina. Ýta á að aðrar starfsnefndir skili starfsreglum til stjórnar fyrir lok janúar.

### **4. Bréf til foreldra um innheimtu árgjalds.**

Karen ætlar að skrifa bréf til að senda út áður en árgjaldið fer inn í netbanka foreldra. Kynna þar hvernig ráðstafað er þeim peningum sem aflað er með árgjöldum foreldrafélagsins.

## 5. Önnur mál.

- Rætt um óánægju vegna stutts matartíma barna. Ákveðið að ræða það við Sigrúnu skólastjóra þegar við fáum hana á fund með okkur.
- Nemandi í 10. bekk hafði samband við formann vegna þess að þau eru mjög óánægð að fá ekki prófdaga nú í janúar, þ.e. ekki kennslu á prófdögum. Særún sagði að þetta hafi verið rætt á skólaráðsfundi áður en skóladagatal fyrir veturinn var samþykkt og þar kom fram að skertu dagarnir væru fullnýttir í annað. Karen ætlar að heyra í Sigrúnu skólastjóra varðandi þetta. Rætt um að stjórnin þyrfti að fá að sjá skóladagatal áður en það er samþykkt í skólaráði.

Fundi slitið kl 22:20.